

20. Fundur hverfisnefndar Lunda- og Gerðahverfis 24.04.2007:

Mættir: Ingibjörg, Ingvar, Bryndís, Sædís, Brynjar Þorgerði og Jóhanna

Efni fundarins var að skipuleggja Umhverfisdag hverfisins. Fyrst kynntu Jóhanna og Þorgerður dagskrá nemenda skólans föstudaginn 1. júní. Þeir krakkar sem eru ekki í föstu prógrammi verða í umhverfis- og hreinsunar átaki við skólann.

Rætt hefur verið við myndlista kennara um að hanna skraut á skólann sem yrði hengt upp á laugardagsmorgni.

Einnig var rætt við nemendur sem vilja taka að sér andlistmálun, hinsvegar þarf hverfisnefnd að skoða hvernig hægt er að fá liti, Ingibjörg tók að sér að skoða það.

Ákveðið var að tala við formenn foreldrafélaga á Leikskólum hverfisins, Sædís tók það að sér.

Íþróttakennarar skólans munu sjá að mestu um að skipuleggja leiki á Umhverfisdaginn, sem og vígslu á blakvelli skólans.

Brynjar, formaður foreldrafélagsins, tók að sér að virkja bekkjarfulltrúa skólans. Markmiðið er að 2 aðilar úr hverjum bekk, bekkjarfulltrúar eða aðrir verði skipuleggjendum innan handar og aðstoði við leiki, grill og fleira.

Leita á stuðningsaðila til að fjármagna útgáfu dreifibréfs til kynningar á hátíðinni, Sædís tók að sér að athuga.

Búið er að fá styrkjaraðila fyrir drykki og pylsur til að grilla. MS mun gefa drykki en Norðlenska sjá um pylsurnar.

Hugmyndir eru uppi um að finna nafn á hátíðina, allar tillögur vel þegnar.

Fundi slitið um 10.